Íþróttafélagið Þór
Aðalstjórn
kt. 710269-2469
Hamar v/ Skarðshlíð
603 Akureyri
sími:461-2080

Akureyri 19.október 2018

Samfélagssvið Akureyrarbæjar
Ellert Örn Erlingsson

Efni: Samantekt upplýsingar í framhaldi af fundi föstudaginn 19.okt um leiðréttingu á rekstararsamningi Þórs og Akureyjarbæjar.

Laun starfsmanna íþróttamannvirkja hjá Þór hafa verið vanáætluð og hefur upphæðin sem ætluð er í þennan málaflokk ekki leyft okkur að manna þetta eins og við vildum gera og okkur ber nema lenda í mínus með það uppgjör. Þetta verður til þess að fráfarandi framkvæmdastjóri vann mjög mikið við þennan lið sem varð til þess að hann komst ekki yfir öll sín verk. Það varð svo til þess að kostnaður við skrifstofukostnað jókst því að það þurfti að fá aðila að vinna þau verk þar sem fráfarandi framkvæmdastjóri komst ekki yfir. Eins og sést á þessu þá lendir kostnaður milli uppgjörsliða þ.e. frá „laun mannvirkja“ yfir í „rekstur skrifstofu og uppgjörs“

Eftir að hafa flett dagbók fráfarandi framkvæmdastjóra og rætt við hann sýnist okkur ekki vera ofáætlað að hann hafi unnið 20-25 tíma á viku við störf sem ættu að vera mönnuð af starfsmönnum mannvirkja á svæðinu samkvæmt samningi við Akureyrarbæ. Hér fyrir neðan sýnum við útreikninga

Meðaltal 22,5 tímar á viku samtals 90 tímar á mánuði þetta er ríflega 50% stöðugildi
Mér sýnist að stöðugildin við mannvirkin séu að kosta okkur að meðaltali með launatengdum gjöldum um 550.000 á mánuði. 50% af því er 275.000 pr. mánuð
og 3.300.000.- á ári. Fyrir árin 2017 og 2018 er þetta þá samtals kr. 6.600.000

Vona að þetta útskýri okkar mál

Virðingarfyllst

Reimar Helgason
Framkvæmdastjóri Þórs